

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Kristján Skarphéðinsson
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 16. maí 2012
2012030025/42-1-3
TB,SE
jgo/tb

Þingsályktun um lagningu raflína í jörð

Vísað er til bréfs frá iðnaðarráðuneytinu, dags. 23. mars sl., þar sem óskað er eftir athugasemdum og ábendingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands vegna þingsályktunar um lagningu raflína í jörð sem samþykkt var á Alþingi 1. febrúar 2012. Í tillöggunni var iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra falið að skipa nefnd er móti stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um og skal iðnaðarráðherra flytja Alþingi skýrslu um störf nefndarinnar fyrir 1. október 2012. Náttúrufræðistofnun hefur haldið einn fund með nefndinni. Í greinargerð með framangreindri þingsályktun eru raktar þær ástæður sem liggja til grundvallar skipunar nefndarinnar þ.e. kostir og gallar þess að leggja raflínur í jörð eða sem loftlínur. Þeir þættir sem mestu máli skipta eru áhrif á náttúru og kostnaður.

Almennt

Náttúrufræðistofnun telur að almennt sé ekki hægt að ákveða fyrirfram í hvaða tilfellum rafstrengur í jörð eða loftlína sé betri kostur heldur verði að meta það hverju sinni eftir aðstæðum. Að öllum líkindum mun kostnaður við jarðstrengi lækka í framtíðinni og því mikilvægt að ana ekki af stað með lagningu loftlína til margra áratuga á svæðum sem gera má ráð fyrir að þær eigi alls ekki heima. Þetta á t.d. við um allt hálendið þ.e. þau svæði í náttúru Íslands sem mikilvægt er að haldi einkennum sínum sem óbyggð víðerni og ósnortið landslag. Þetta getur einnig átt við á mörgum öðrum stöðum, jafn láglandi sem hálendi, vegna jarðminja og landslags en þetta þarf að skoða vandlega hverju sinni. Gott dæmi um mikla skammsýni er háspennulína sem ber yfir Gullfoss.

Náttúrufræðistofnun telur að fara verði mjög vandlega í að ákveða hvar og hvernig það er metið hvort leggja eigi jarðstrengi eða loftlínu og einnig að forsendur fyrir samanburði séu ekki ákveðnar einhliða t.d. af framkvæmdaraðila. T.d. hefur því verið haldið fram árum saman að nauðsynlegt sé að leggja slóða/vegi með öllum háspennulínum. Náttúrufræðistofnun fullyrðir að þetta sé rangt og sé fyrst og fremst einkaskoðun þeirra fyrirtækja sem leggja línurnar. Starfsmenn Náttúrufræðistofnunar hafa séð háspennulínur út um allan heim við mun verri aðstæður en hér á landi þar sem engir slóðar liggja að línunum. Hægt er að nota ýmis tæki við flutning á efni, tæki sem ekki skilja eftir sig mikil spor í náttúrunni, t.d. í hrauni. Annarsstaðar geta einhverjar skemmdir jafnað sig fljótt en það gerist



ekki þar sem vegir/slóðar eru lagðir sérstaklega. Við viðgerðir gildir það sama. Þessu verður að breyta en engin ástæða er til að leggja vegi t.d. yfir hraun vegna lagningar lína og almennt ekki nauðsynlegt. Einnig má fljúga með efni með þyrlum og er það víða gert. Þetta virðist einfaldlega vera vandamál innan þess geira sem kemur að lagningu háspennulína þ.e. fyrirtækjanna sjálfra (Landsnets og annarra fyrirtækja í eigu almennings), hönnuða og framkvæmdaraðila. Þessum viðhorfum og verklagi verður að breyta.

Ljóst er að áhrif af háspennulínum á náttúru þ.m.t. landslag eru í flestum tilfellum afturkræf en þetta gildir ekki ef vegir eru lagðir t.d. yfir ósnortið hraun. Það er engin lausn að leggja jarðstrengi í hraunum eða annarsstaðar þar sem mikið rask verður á jarðminjum. Það er hins vegar oft þannig að vegir, þjóðvegir, eru lagðir í hraun og þá má skoða hvort ekki eigi að leggja jarðstrengi í sama framkvæmdasvæði, hér má t.d. nefna framkvæmdasvæði Reykjanesbrautar. Það verður einnig að gera ráð fyrir því að á svæðum sem eru metin viðkvæm vegna t.d. landslags þá verði að leggja í aukakostnað vegna lagningar jarðstrengja. Einnig þarf að skoða sérstaklega þá þætti sem eru ekki eins augljósir eins og t.d. landslag og jarðminjar og á það t.d. við hættu á grunnvatnsmengun vegna lagningu lína yfir svæði þar sem grunnvatn er tekið til neyslu.

Þó fjármál falli ekki undir hlutverk Náttúrufræðistofnunar þá verður að benda á að þegar lagning háspennulína er vegna einkaframkvæmda þá getur ekki verið rétt að almenningur eigi að greiða fyrir að framkvæmdaraðili beiti þeim aðferðum sem raska minnst. Oft er því borið við að þessi eða hin framkvæmdin verði að vera þjóðhagslega hagkvæm eða að framkvæmd verði ekki þjóðhagslega hagkvæm ef mikill kostnaður fer í umhverfismál. Það er hins vegar oft á tíðum ekki skilgreint hvað felist í hugtakinu þjóðhagslega hagkvæmt rétt eins og að það sé einhvers konar náttúrulögmál þó ganga megi að því vísu að þjóðin hafi ekki eina skoðun á því hvað sé þjóðarhagur né heldur hvað sé hagkvæmt.

Niðurstöður

Náttúrufræðistofnun telur allar fyrirhugaðar aðgerðir vegna uppbyggingar raforkuflutningskerfis þurfa að vera vel ígrundaðar **efnahagslega, félagslega og náttúrufræðislega** og miða að sjálfbærri / skynsamlegri landnýtingu.

Í því felist m.a. að einkahagsmunir eða „innri“ hagsmunir fyrirtækja í almannaeigu séu ekki látnir gagna framfar hagsmunum almennings, sbr. t.d. markmið náttúruverndarlaga um sjálfbæra nýtingu og að náttúran fari að þróast eftir eigin lögmálum eins og kostur er **þ.e. lífríki, jarðminjar, landslag og víðerni, sem telst til almanna hagsmuna jafnt sem roforkunýtingin sjálf.**

Skilgreina þarf „þjóðhagslega hagkvæmt“ í samræmi við framangreint.

Við val á hvort velja skuli jarðstreng eða loftlínu þarf að skoða hverja framkvæmd fyrir sig með tilliti náttúrufræðisþátta sem annarra. Hér má t.d. skoða að allir strengir 110 kv og lægri fari í jörð annað verði skoðað sérstaklega. Meta þarf heildaráhrif áætlana um orkuflutning en ekki slíta í sundur annars vegar áætlanir um orkuflutning, orkuvinnslu, orkunýtingu og hins vegar áætlanir um t.d. náttúruvernd. Þó margt hafi áunnist og sé mun betur gert en áður þarf að bæta verulega verndarmenningu „raforkufyrirtækja“ bæði í einkaeigu og almennings eigu sbr. t.d. mat á landslagi og lagningu óþarfa vegslóa. Leggja þarf sérstaka áherslu á að náttúrufræðis- og náttúruverndarrannsóknir séu ekki sniðgengnar við áætlanagerð. Þ.e. þeim sé gert jafn hátt undir höfði og orkurannsóknir og verkfræðipáttum strax frá byrjun en ekki beðið með þær þar til að kemur að lokaferli áætlana, framkvæmdinni sjálfri. Þá er í raun oft búið að ákveða hvaða kostir eiga að standa til boða og fyrst farið að rannsaka náttúrufræðis þegar fyrirhugaðar




framkvæmdir fara í mat á umhverfisáhrifum. Markmið framkvæmdaraðila er á þessu stigi í mörgum tilfellum að verja þá kosti sem hann telur besta og hagkvæmasta, út frá þeim sjónarmiðum sem hann hefur lagt til grundvallar, án tillits til þess hvað nýtt kann að koma fram.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

